

ÁRSSKÝRSLA 2012 – 2013

Gamla bókasafnið - Húsið




GAMLA BÓKASAFNIÐ/HÚSIÐ – FORVARNASTARF –
MÚSIK OG MÓTOR

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Stefnukort.....	2
Inngangur	3
Leiðarljós og hugmyndafræði Gamla bókasafnsins/Hússins og Músík og mótor	4
Markmið	4
Markmið og áherslur 2012-2013	5
Mælikvarðablað Hússins og forvarnastarfs Hafnarfjarðar	10
Starfsemi í Gamla bókasafninu eða Húsinu veturinn 2012 - 2013	11
Markhópar	12
Starfsmenn og stjórnun	13
Samstarfsverkefni	15
Hópastarf	16
Súrefni.....	16
Vinaskjól (Verkherinn)	18
Músík og Mótor.....	20
Kynningarstarf.....	21
Húsnæði og búnaður.....	22
Hvar kreppir skóinn?	22
Samantekt.....	24



Stefnukort



Inngangur

Tíunda starfsári Gamla bókasafnsins sem stofnað var árið 2003 er nú lokið. Við mótun starfsins frá upphafi hefur ungt fólk verið í lykilhlutverki, s.s. við að hanna, vinna að dagskrá og starfa við dagleg verkefni. Starfið snýst um að ungt fólk hafi greiðan aðgang að aðstöðu til að sinnar eigin hugarefnum. Hér er um forvarnastarf að ræða því að reynt er m.a. að ná til jaðarhópa, bjóða upp á vímuefnalaus og uppbyggilega valkosti og aðstoða ungt fólk við allskonar viðfangsefni. Þessu starfsári lauk með því að starfsemin að Mjósundi 10 þar sem Gamla bókasafnið var til húsa lagðist af og Húsið, Staðarbergi hóf starfsemi sína sem arftaki þess.

Samstarf Músík og Mótor og Gamla bókasafnsins er að þróast en stjórnun þessara stofnana eru á einni hendi og umgjörð um margt lík. Fjármál og rekstur hefur verið í góðu lagi enda alltaf verið afar lítið um peninga en á móti erum við dugleg að sækja víðar þegar þá skortir. Erfið fjárhagsstaða hefur bitnað á starfsemi okkar en sú staða kallar einnig á nýjar áherslur í starfi okkar því að í hópi atvinnuleitenda er ungt fólk stærsti einstaki hópurinn.

Forvarnadeildin, Húsið og Músík og mótor eru núna hluti af Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar. Hvað sú breyting felur í sér er kannski ekki alveg ljóst en auðvitað felast ákveðin sóknarfæri í því að tengjast enn betur þessari stóru stofnun sem vinnur að fjölmörgum verðugum verkefnum sem tengjast forvörnum, barnavernd og málefnum fatlaðra.

Gamla bókasafnið hafði sannarlega fest sig í sessi sem miðstöð forvarnastarfs og staður fyrir unga fólkið. Aðsókn og verkefni hafa verið í blóma fram á síðasta ár. Öflug verkefni eins og Súrefni, Verkherinn og Atvinnutorg hafa sýnt sig sem öflug ný verkefni sem passa vel inn í flóru úrræða fyrir bæjarbúa. Húsnæðisviðhaldsvandi setti strik sitt í reikninginn og varð að lokum ástæða þess að Hafnarfjarðarbær hætti að leigja aðstöðuna. Músík og mótor hafa góðan stuðning af því að hafa Músíkheimar þar sem reka upptökuaðstöðu auk þess sem þátttaka í Evrópuverkefnum styður starfsemina og ýtir undir frumkvæðisverkefni.

Skýrslunni er ætlað að draga upp meginlínur starfsins á þessu starfsári. Draga upp hugleiðingar þeirra sem starfa hér og vera nokkurskonar áfangamat á starfseminni.

Leiðarljós og hugmyndafræði Gamla bókasafnsins/Hússins og Músík og mótör

- Við leggjum áhersla á að allar meginforsendur með starfsemi stofnananna, byggist á frumkvæði, hugmyndum og áhuga unga fólksins
- Við trúum því að einstaklingar séu mismunandi, læri og upplifi lífið á mismunandi hátt og því munum við leggja áherslu á fjölbreytileika í starfinu og bjóða upp á og styðja við fjölbreytt viðfangsefni.
- Við trúum því að félagsstarf hvort sem um er að ræða íþróttir, hópastarf eða félagsmiðstöðvar hafi forvarnargildi og efli unga fólkið. Rannsóknir sýna að tveir þættir hafa mikil fyrirbyggjandi áhrif á vímuefnaneyslu ungs fólks, það eru samvistir við fjölskyldu og skipulagt íþrótta- og æskulýðsstarf.
- Við leggjum áherslu á að öllum líði vel á starfstöðum okkar og við teljum að það sé forsenda fyrir því að hægt sé að huga að öðrum markmiðum og að unga fólkið geti þá loks unnið að hugðarefnum sínum.
- Ungt fólk á að fá tækifæri til að vinna við eigin hugmyndir og munu starfsmenn styðja við það starf.
- Starfsmenn sem eru góðar fyrirmyndir það eru þeir sem unglingar leita til eftir samskiptum, ráðgjöf og upplýsingum.



og

Markmið

- Okkar markmið er að ungt fólk finni í Húsinu, mótörhúsi og músikhúsi vettvang til að vinna að öllum áhugaverðum verkefnum og komið verður til móts við hugmyndir ungs fólks um starfsemi staðanna.

- Húsin munu starfa í anda samvinnu þar sem að starfsmenn/ungt fólk tekur saman þátt í að móta sameiginlega framtíðarsýn og stefnumótun.
- Við munum leggja áherslu á að starfsemin endurspegli það sem fram fer í lífi ungs fólks.
- Húsið og Músik og mótur styðja við verkefni ungs fólks hvort sem þau eiga sér stað innan húss eða á öðrum vettvangi.
- Reynt verður sérstaklega að ná til þeirra sem ekki stunda annað félagslíf. Sérstaklega skal horfa til atvinnulausra ungmenna, ungmenni með fatlanir, annarra jaðarhópa og þeirra sem eru utanveltu í samfélaginu.
- Ungt fólk fái aðgang að ráðgjöf, upplýsingum og fái aðstoð við úrvinnslu eigin verkefna.
- Stofnanirnar eiga að hafa jákvæð áhrif á lífstíl ungs fólks og gerir þau að virkum þátttakendum í lýðræðislegu þjóðfélagi



Markmið og áherslur 2012-2013

Markmið og áherslur Hvernig tókst til á síðasta ári?

- Búa til sumarúrræði með atvinnutengingu fyrir ungmenni með fötlun
 - Verkherinn varð til og voru um 17 manns í honum og verkefnið til fyrirmyndar
- Gengið verði vel frá húsnæðismálum Gamla bókasafnsins
 - Gengið frá húsnæði og því skilað og tekið við nýju að Staðarbergi 6.
- Skoðað verður möguleikar á að Hnefaleikafélagið flytji starfsemi sína úr Drift í sérhannað húsnæði
 - Ekkert virðist benda til þess að þetta muni breytast
- Að Húsið verði sjálfboðasendisamtök fyrir ungt fólk

- Við erum í dag fullgild og megum senda sjálfboðaliða á okkar vegum erlendis
- Kynningarstarf á GB og MogM þarf að endurskoða
 - Lítið var gert í þessu annað en það hefðbundna að fara í skóla, fá bekkir í heimsókn, birta auglýsingar en nýjung ársins var kannski að nota Facebook markvissar en áður til að kynna viðburði. Enn er beðið eftir því að fá heimasíðu
- Vinna að Evrópsku samstarfsverkefni með ungu fólki
 - MogM og GB tóku þátt í 2 slíkum verkefni með unga fólkinu og tókst það afar vel
- Klára Egos, evrópskt fjarstarfs- og námsráðgjöf á rafrænu formi fyrir ungt fólk sem þarf á slíku að halda
 - Verkefninu var lokað. Árangur var ekki eins og vænst var
- Að viðhalda námskeiðinu Súrefni fyrir ungt atvinnulaust fólk í GB
 - Námskeiðin hafa fest sig í sessi, þróast og vakið almenna lukku. Verið að tengja þau enn meira við starfsmenn félagsþjónustunnar til að sinna
- Að tryggja að ungt fólk geti fengið húsnæðið lánað í eigið hópastarf á eigin forsendum
 - Haldið var áfram á þessari braut og voru flestar helgar vetrarins undirlagðar. Upp komu mál þannig að ferlar voru skilgreindir frekar
- Þrif og frágangur. Koma í veg fyrir að við fáum fleiri athugasemdir frá Heilbrigðiseftirliti
 - Ekki er ljóst hver staðan er í dag en við höfum ekki enn fengið starfsleyfi í hendurnar fyrir nýju aðstöðuna. En síðan verður gerð hreinlætisáætlun.
- Ganga frá nýja Húsinu á viðeigandi hátt
 - Um er að ræða frágang af hendi fasteignafélagsins eins og bréfalúgu, loftop og áætlun fyrir lóð í kringum hús en þessu er ólokið.
- Gefa jaðarhópum tækifæri á að nýta húsnæðið þegar starfsemi okkar er ekki í gangi
 - Ungmennaráð Hafnarfjarðar og Fjöreggin nýta einnig aðstöðuna í Húsinu en húsnæðið er minna en Gamla bóksafnið

- Skapa vettvang fyrir ungt fólk sem lokið hefur Súrefni þar sem það getur unnið lengur á okkar vegum í kjölfarlið
 - Stofnað var Atvinnutorg sem er að þróast í rétta átt
- Tækja- og húsbúnaðamál. Endurnýja þarf og bæta þarf hluta af húsgögnum, eldhústækjum og tölvubúnað okkar
 - Á árinu fékkst ein ný tölva, ísskápur, eldavél og sófi en annað er stöðugt að versna
- Vinaskjól – ráða inn starfsmann með þroskaþjálfamenntun
 - Ráðin var starfsmaður með viðeigandi menntun til að aðstoða Sóleyju
- Húsráð, hafa virkt og tryggja að raddir ungmenna heyrst varðandi starfsemina
 - Eftir flutninga lagðist húsráðið af en stefnt er að því endurvekja það

Fjármál

- Rekstur sé innan fjárheimilda ársins
 - Tókst vel
- Leita eftir utanaðkomandi fjármagni og stuðningi þegar þess er þörf
 - Fjölmörg verkefni skila okkur tekjum og lágmarka útgjöld og þetta er ástæða þess að við erum ætíð innan fjárheimilda.
- Gæta aðhalds í öllum rekstri
 - Allt var gert til að lágmarka kostnað, opnunartími minnkaður, stöðuhlutföll minnkuð, viðhald í lágmarki ofl.
- Leita leiða til samvinnu um verkefni og dreifa þannig kostnaðarhlutdeild
 - Gengið vel að vissu marki en nýtt húsnæði skiptir mestu máli, leiga er lægri.

Símenntun

- Starfsmenn séu ánægðir í starfi og jafnræðis og jafnréttis sé gætt
 - Kannanir sýna að þetta gengur ágætlega. En ekki fóru fram starfsmannasamtöl þannig að eflaust má gera betur.
- Virk símenntunaráætlun og starfsmenn hvattir til að nýta sér réttindi sín í stéttarfélögum og tryggja sér líka þannig símenntun
 - Starfsmenn tóku þátt í starfsbraut og símenntaverkefnum og 1 fór erlendis í símenntun.

- Opnir starfsmannafundir sem taka á samstarfsmálum
 - Haldnir voru minnst 1 fundur í hverjum mánuði þar sem öllum gafst tækifæri á að taka upp eigin hugarefni. Um er að ræða sérfundir fyrir Vinaskjól, MogM og Húsið.
- Regluleg starfsmannaviðtöl, minnsta kosti einu sinni á ári við alla
 - Gekk illa
- Standa að starfsdögum með starfsmönnum og húsráði unglinga þar sem innra starfið er skoðað
 - Var ekki gert með unglingum en með starfsmönnum

Markmið og áherslur 2013-2014

- Skoðað verður möguleikar á að Hnefaleikafélagið flytji starfsemi sína úr Drift í sérhannað húsnæði
- Kynningarstarf Hússins og MogM þarf að endurskoða
- Að viðhalda námskeiðum fyrir ungt atvinnulaust fólk í GB og þróa ný úrræði fyrir atvinnalaus ungmenni í samvinnu við AMH og Vinnuskóla. Horft skal til starfsþjálfunar og samvinnu við vinnustaði.
- Að tryggja að ungt fólk geti áfram fengið húsnæðið lánað í eigið hópastarf á eigin forsendum
- Þrif og frágangur. Gera hreingerningaráætlun í Húsinu. Eldvarnamál. Gera og setja upp nýja flóttaleiðaáætlun. Minnka eða koma í veg fyrir tóbaksreykingar á lóð hússins. Fá leyfi frá Heilbrigðiseftirliti og Eldvarnaeftirliti
- Viðhalda aðstöðu fyrir unga listamenn í Dverg og hlúa að því sem eftir lifir af í Graffitiverkefninu.
- Auka samstarfs Mótorhússins við Fjölgreinabrautina
- Tækja- og húsbúnaðamál. Endurnýja þarf og bæta þarf tölvubúnað okkar. Húsgögn og húsbúnaður er gamall og lúinn. Verkfæri eru að slitna í sundur í MogM.

- Meta árangur Súrefnis og Atvinnutorgs og þróa enn frekar samstarf við félagsráðgjafa.
- Sumarvinnutími- og ráðningar starfsmanna. Tryggja þarf að starfsmenn Vinaskjóls fái samfellu í vinnu en á vorin skapast eyður.
- Endurskoða opna starfsemi á kvöldin í Húsinu.

Fjármál

- Rekstur sé innan fjárheimilda ársins
- Leita eftir utanaðkomandi fjármagni og stuðningi þegar þess er þörf
- Gæta aðhalds í öllum rekstri
- Leita leiða til samvinnu um verkefni og dreifa þannig kostnaðarhlutdeild

Símenntun

- Starfsmenn séu ánægðir í starfi og jafnræðis og jafnréttis sé gætt
- Virk símenntunaráætlun og starfsmenn hvattir til að nýta sér réttindi sín í stéttarfélögum og tryggja sér líka þannig símenntun
- Opnir starfsmannafundir sem taka á samstarfsmálum
- Regluleg starfsmannaviðtöl, minnsta kosti einu sinni á ári við alla
- Standa að starfsdögum með starfsmönnum og húsráði unglinga þar sem innra starfið er skoðað

Mælikvarðablað Hússins og forvarnastarfs Hafnarfjarðar

	Markmið	Mælikvarðar	Tölulegt viðmið	Gögn heimildir	Leiðir (hvernig)	Tímamælikvarði
Þjónusta	Draga úr vímuefnaneyslu	Áfengisneysla 14 og 15 ára unglinga	Drykkja minnki um 1% á ári eða verði 2% neðar en RVK Reykingar um 1%	Rannsókn og greining Rannsókn og greining	Rannsókn hjá 9. og 10. bekk Aðgerðaáætlun	Rannsókn 1 x ári Rannsókn 1 x ári
	Gera kynningarstarf skilvirkara	Uppfærsla á heimasíðu og annað kynningarstarf	uppfærsla 1 x viku auglýsingar- facebook frétt í bæjarb. 1 x mán	Heimasíða auglýsingar Bæjarblöð	Fá alla starfsmenn í þetta virkja húsráð starf með ungu atvinnulausu fólki	Strax sept - júlí
	Verkefni með atvinnulausu ungu fólki	Fjöldi verkefna og þátttakanda	Talning	Dagbók og skýrslur	Samstarf við VH og AMH	Allur veturinn
	Liðan nemenda í Hafnarfirði	Velliðan	Fjöldi verkefna	Vantar en upplýsingar frá skólum duga	Fræðsla og kynningar	2013...
Fjármál	Standa fjárhagsáætlun	Fjárheimildir	0% framyfir	Frávik/raunniðurstaða fjárhagsáætlunar	Stýra með stjórnendakerfinu og stýring fjármuna	Við lok árs Árshlutauppgjör
	Sækja fé annað ef fjárheimildir duga ekki	Fjárheimildir	0% framyfir heildaráætl.	Styrkir vegna verkefna/gerð verkefnis	Vegna dýrra og nýrra verkefna	Allt árið
	Auka aðgengi bæjarbúa að forvarnafulltrúa	Kynningar	Frétt í blöð 1 x mán Heimsóknir 1 x viku	Bæjarblöð/heimasíður	Fréttaskrif og standa fyrir góðum verkefnum og vekja athygli	9 x vetrarmánuði 9 x vetrarmánuði
	Verkferlar	Búa til 1-2 mælikvarða	Klára þá	Verkferlalyfingar	Samstarf stafsmanna	vor 2014
	Tryggja ungu fólki gott aðgengi af upplýsingum Tryggja skilvirkari þjónustu.	Uppfærð heimasíða/facebook Viðhorf ungs fólks	Uppfærsla 1 x viku fá fleiri en 2 gagnrúpunkta á mán	Heimasíða Verkefnið Verkferlar	Virkja alla, starfsmenn og húsr. Standa að mati og fundum	Í hverri viku I hverjum mánuði
Mannauður	Upplýsingastreymi forvarnamála	Kynningarfundir Heimasíða	Fræðslufundur í öllum skólum 1 x uppfærsla p. Mán	 Heimasíða	Stöðug kynning Verkefni starfsmanna	Að hausti í öllum skólum Er á fullu
	Virk símenntunaráætlun	Koma óskir okkar fram í áætluninni	Þátttaka sé meiri en 16 klst á ári	Skrá þátttöku	Símenntaáætlun	Er í gangi
	Að starfsmenn séu ánægði í starfi	Starfsmannaviðtal	Fá fleiri en 2 góða punkta í viðtali	Leita að kostum og göllum	Starfsmannaviðtöl	vor 2014

Starfsemi í Gamla bókasafninu eða Húsinu veturinn 2012 - 2013

Yfirlit yfir helstu verkefni Gamla bókasafnsins, Hússins – kaffi og menningarhús fyrir ungt fólk

Föst opnun okkar:

Sunnudagar	19:00 - 22:00
Mánudagar	17:00 – 19:00 og 19:00 - 23:00
Miðvikudagar	20:00 - 22:00 Sérdeildarhópastarf
Mán- Fös	12:00 – 17:00 Vinaskjól
Mán-fimmt	10:00 - 15:00 Súrefni - námskeið
Fimmtudagar	19:00 – 23:00
Föstudagar	19:00 - 22:00
Laugardagar	Útlán



Sumaropnun 2012 snérist að mestu í kringum Verkherinn sem var nýtt atvinnutengt úrræð en leiklistarhópur Vinnuskólans var með starfsemi sína hér auk þess var húsið lánað í lan. En einhver opin dagskrá var hér fram að miðjum. júní og var hápunkturinn dagskrá á Björtum dögum.

Opið hús

Í húsinu eru 6 endurbættar tölvur sem unga fólkið hefur aðgang að. Tölvurnar eru orðnar gamlar og virka illa. Notkun er mikil bæði á opnunartíma og utan opnunar. Þessi tæki nýtast öllum allt árið um kring sem tengjast okkar. Keypt var ný Ps 3 leikjatölva, skjávarpi og sjónvarp en fyrir eru til borðtennisborð og billiardborð.

Rekstur á þessum tækjum gengur þokkalega. Stöðugt þarf að fara yfir tölvurnar og tryggja að allt virki og slíkt er kostnaðarsamt. Okkur vantar forrit sem henta mynd- og hljóðvinnslu auk þess væri gott að eiga spjaldtölvur fyrir Vinaskjólshópinn.

Kaffihús

Í upphafi starfs GB var stofnað sérstakt kaffihús þar sem að til stóð að standa að sölu kaffi, nammi og bakkelsi og öllu haldið á lágmarksverði. Starfsmenn hafa nú verið að rökræða um að endurvekja þetta verkefni og prufað sig áfram. Slök aðsókn á kvöldin hefur ekki hjálpað til að láta þetta ganga upp. Í dag er engin sjoppa rekin í Húsinu.

Hljóðkerfi

Stöðugt var verið að bæta hljóðkerfið og tryggja að auðvelt sé að setja það upp og halda tónleika. Þess vegna þurfum við lítið að halda því við og eyða fjármunum í það þessi misserin. Við höfum eignast trommusett, gítarmagnara og bassamagnara sem hljómsveitir nota á tónleikum hér. Ungur starfsmaður Róbert Steingrímsson hugsar um þessi mál og Hafsteinn Þráinsson tekur við af honum frá næsta hausti..



Kaffi- og menningarhús ungs fólks

Mjósundi 10, 220 Hafnarfirði
www.gamlabokasafnid.is

Markhópar

Meginmarkhópur Gamla bókasafnsins er ungt fólk á aldrinum 16 – 25 ára og í þeim hópi eru um 2500 einstaklingar í Hafnarfirði. Í dag má segja að ungt atvinnulaust fólk og ungt fólk með fatlanir séu mikilvægur markhópur okkar. Okkur ber að reyna að virkja þau til félagslegra athafna og koma í veg fyrir aðgerðaleysi og félagslega einangrun.

Markhópurinn sem er kannski útundan, sem er kannski mikilvægasti hópurinn, er ungt fólk sem þurfa á einhverskonar stuðningi að halda, þeir sem eiga undi högg að sækja s.s.

félagslega eða neyta fíkniefna. Lokamarkhópurinn eru minni félög og hópar sem hafa ekki aðstöðu til að sinna starfi sínu.

Þessi þriðji markhópur okkar er ekki endilega á aldursbilinu 16 – 25 ára. Við höfum í gegnum forvarnastarf okkar þurft að sinna yngri krökkum enda höfum við húsnæði við hæfi og vilja til að taka á þeim málum því okkur er ljóst að því fyrr sem tekið er á málum því meira forvarnagildi. Þetta er á skjön við aldursbreiddina sem við stefndum að með starfsemi hússins en nauðsyn brýtur lög.

Hópur þeirra sem ekki falla að skólakerfinu er misstór en reynt verður að höfða sérstaklega til þess hóps auk þeirra sem ekki finna sig í öðru félags- og menningarstarfi.



Upphaf neyslu sterkra eiturfylla byrjar á þessum árum og telja margir að forvarnastarf meðal þessa hóps sé afar lítið. Í gegnum starf okkar hefur okkur tekist að ná sérstaklega til þessa hóps í góðri samvinnu við Flensborg, Fjölgreinabrautina og Iðnskólann.

Ýmislegt bendir til að minnsta kosti helmingur námsmanna í framhaldsskóla stundi vinnu með námi. Þessi staðreynd vekur upp spurningar um hvort að þau séu að vinna með námi til að geta haldið uppi kostnaðarsömum lífsstíl skemmtana. Full ástæða er til að vekja áhuga á og búa til aðstöðu fyrir ungt fólk þar sem það getur verið saman og stundað heilbrigða tómstundaiðju án áfengis og vímuefna. Rannsóknir sýna að hófleg vinna með námi hafi jákvæð áhrif á unga fólkið, hinsvegar þegar vinnumagn er orðið mikið þá má búast við erfiðleikum og neikvæðum áhrifum eins og brottfalli úr skóla, slakari námsárangur og aukinn skemmtanalífsstíll.

Starfsmenn og stjórnun

- Geir Bjarnason er forstöðumaður Gamla bókasafnsins og forvarnafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar í fullu starfi. Geir sinnir almennri stjórnun hússins, Götuvítans og Músík og mótors.
- Sóley Jónsdóttir þroskajálfi starfar sem verkefnastjóri í fullu starfi og sér um Vinaskjól á veturna og Verkherinn á sumrin.

- Bára Kristín Þorgeirsdóttir er verkefnastjóri og nokkurskonar aðstoðarforstöðumaður og hennar verksvið er umsjá með opnunartíma á kvöldin, sjálfbæðaliðþjónustu húsnæðinu og Súrefni.

Í Vinaskjóli sem starfar á daginn starfa:

Sólveig María Kristinsdóttir þroskaþjálf, Sigurður Sigurbjörnsson, Viktor Reinholdsson og Sindri Magnússon auk annarra sem unnu síðasta sumar í verkhernum.

Í félagsmiðstöðinni á kvöldin starfa:

Anna Guðmundsdóttir, Birna Rún Eiríksdóttir, Hekla Lydía Gísladóttir, Hafsteinn Þráinsson og Ebeneser Einarsson.

Dagbjört Harðardóttir er í 30% starfi hér og er lykilstarfsmaður og sér að opið hús á kvöldin fyrir sérdeildarkrakkana.

Róbert Steingrímsson sér um hljóðkerfi hússins og var almennur starfsmaður.

Við reynum ætíð að hafa ungt skólafólk í einhverri vinnu og gefa þeim tækifæri til að þroskast og taka að sér stærri verkefni ef vel tekst til.

Fastir starfsmenn hafa hist reglulega á starfsmannafundum og tekið er þátt í símenntunaráætlun ÍTH eða í símenntun í tengslum við sambýli bæjarins.

Steinn Hlíðar Jónsson er umsjónarmaður Mótorhússins og starfar í 100% starfi. Hann vinnur ætíð þegar opið er og sér um að allir daglegir þættir gangi upp. Sindri Jónsson er í lausráðnu starfi og sér um hljómsveitarhluta hússins. Sigurður Haraldsson er í 25% starfi og starfar aðallega í mótorgluta hússins.

Húsráð

Húsráð ungs fólks gegndi mikilvægu hlutverki í að móta dagskrá, stefnu og innra starf Gamla bókasafnsins. En starfaði lítið í vetur.

Samstarfsverkefni

Um 10 sveitarfélög hafa verið að reka sambærileg hús. Forstöðumenn þessara húsa hafa lítið hist síðustu misseri en samstarf og upplýsingamiðlun ýtir undir framþróun á starfsemi húsanna. Í stað þess að hittast höfum við sent húsráðið í vettvangsferðir og forstöðumaður hitt einslega aðra forstöðumenn í tengslum við aðra atburði og reynt að hafa tengslin lifandi.

Samstarf við Iðnskólann, bæði nemendur og lífsleiknikennara þar hefur verið með ágætum fram að flutningi okkar í Húsið. Fjölmarginn jákvætt hefur verið reynt og er stöðugt verið að vinna að nýjum verkefnum.

Forvarnafulltrúi Flensborgar hefur verið á ágætu samstarfi við okkur um ýmis verkefni og ýtti af stað sjálfstyrkingarsamvinnuverkefni með okkur. Lífsleiknibekkir koma í kynningu hér í húsinu og þannig fá allir nemendur vitneskju um starfsemina.



Sérdeild Flensborgarskóla hefur unnið í vetur með okkur að hópastarfi og það samstarf nýtist öllum vel.

Í tengslum við námskeið fyrir atvinnulaust ungt fólk höfum við unnið með Atvinnumiðstöð Hafnarfarðar, félagsþjónustu og Vinnumálastofnun. Fullt af öðrum aðilum tengjast okkar svo varðandi fræðslu og verkefni tengd námskeiðinu sjálfu.

Þeir sem eiga í mestu samstarfi við Gamla bókasafnið eru þeir sem sækja staðinn. Við reynum markvisst að eiga í skoðanaskiptum við unga fólk um umgjörð og verkefni hússins, dagleg samskipti og heimasíða er vettvangur þess.

Nú er forvarnadeildin orðin hluti af félagsþjónustunni og starfar forstöðumaður æ meir með starfsmönnum félagsþjónustunnar. Tíminn mun leiða í ljós hvaða áherslur verða ríkjandi í því starfi.

Hópastarf

Eitt af meginverkefnum var að ýta undir allskonar hópastarf og námskeið fyrir ungt fólk. Uppeldislegir kostir hópastarfs eru ótvíræðir og stöðugt tilefni til að íhuga leiðir að öflugu hópastarfi sérstaklega þar sem markhópar þess eru oft þeir sem standa höllum fæti. Hugsunin var sú að hér yrði aðstaða til þess og starfsmenn gætu aðstoðað við að koma slíku á legg. Hins vegar gengur ekki nægilega vel að skapa þennan vettvang. En unnið er að verkefnum í þessa veru.

Helstu hópastarfsverkefni okkar voru:

- Hópastarf sérdeildar Flensborgarskólans sem er samstarfsverkefni okkar, Flensborgar og félagsþjónustu
- Sjálfstyrkingarhópastarf. Hópur nemenda sem fer í gegnum sjálfstyrkingarnámskeið í Flensborg er boðið að t
- Lanhópar m.a. úr Iðnskólanum hefur nýtt sér húsnæðið annarslagið um helgar.
- Unglingaráð Hafnarfjarðar hefur fundað hér og við eigum fulltrúa þar.
- .
- .



Súrefni

Markmiðið með námskeiðinu er að efla og aðstoða ungt fólk í atvinnuleit og skapa aukna virkni meðal þess hóps.

Námskeiðið er fyrir ungt fólk í atvinnuleit á aldrinum 16-24 ára. Stefnt er að því að sem flestir ungir atvinnuleitendur í Hafnarfirði sækji námskeiðið eða sambærilegt námskeið. Þannig fær Hafnarfjarðarbær og Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar yfirsýn yfir hópinn og getur frekar brugðist við og tekið þátt í vinnutengdum úrræðum.

Vinnumálastofnu/Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar hefur umsjón með að skrá á, kynna og aldurskipta námskeiðum. Námskeiðið er ætlað bæði þeim sem eru á forræði VMST og félagsþjónustunnar.

Námskeiðið er haldið í Húsinu Staðarbergi 6, 220 Hafnarfirði sem er kaffi- og menningarhús ungs fólks í Hafnarfirði www.gamlabokasafnid.is. Miðað er við að 12-15 manns séu á hverju námskeiði. Námskeiðið fer fram á milli klukkan 9:30-14:30 frá mánudegi til fimmtudags í 6 vikur

Á hverjum degi er um klukkutíma hádegisverður þar sem þátttakendur taka þátt, undir leiðsögn að elda og framreiða mat fyrir hópinn. Námskeiðið er þannig uppsett að kennsla er fengin frá sérfræðingum á fjölmörgum sviðum. Dæmi um aðkeypta þjónustu er námsráðgjöf, skyndihjálparnámskeið, matreiðsla, samskiptanámskeið, ýmiskonar líkamsrækt, ferilskráargerð og félagsráðgjöf. Þátttakendur eru virkir í að þróa og móta námskeiðið og fer það eftir hópnum hverju sinni hvaða megináherslur verða á einstökum þáttum eins og hádegismat, frjálsum tíma og markmiðssetningu. Miðhluti námskeiðsins eða um 8 dagar fara fram á vinnustað þar sem fram fer starfsþjálfun sem Vinnuskóli Hafnarfjarðar sér um. Reynt verður að gefa þátttakendum kost á að velja um vinnustaði. Dæmi um vinnustaði gæti verið sundlaug eða skóli eða sá vinnustaður sem atvinnuleitandi hefur áhuga á að starfa á.

Námskeiðin byrja á um 7 vikna fresti á veturna og á síðasta vetri voru haldin 6 námskeið og voru milli 80 og 90 skráðir og um 40 útskrifuðust.

Eftir að Súrefni lýkur þá býðst þátttakendum að taka þátt í öðru verkefni sem kallast Atvinnutorg. Þar fær unga fólkið fær tækifæri á að starfa í 6 mánuði í hálfu starfi á launum. Súrefni hefur verið notað sem fornámskeið vegna þess starfs þannig að þeir sem uppfylla kröfurnar á Súrefni eiga greiðari leið í inn í Atvinnutorgið.



Það er mat starfsmanna að þetta hafi skilað okkur miklu s.s. að þau fara frekar í nám eða vinnu í kjölfar námskeiðsins auka þess sem þeim gangi betur með daglegt líf. Fyrir ári var árangur kannaður og var hann afar góður og nú þarf að íhuga leiðir til að meta árangur námskeiðsins.

Vinaskjól (Verkherinn)

Vinaskjól var stofnað í september 2011 og býður ungu fólki 16 – 20 ára með fatlanir sem er í framhaldsskóla upp á lengda viðveru eftir hádegi þegar skóla er lokið. Verkefnið var skilgreint sem tímabundið tilraunaverkefni í Gamla bókasafninu og er samstarfsverkefni Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs. Áður hafði Hitt húsið í Reykjavík veitt fólki með fötlun 16-20 ára lengda viðveru. Ekki var lengur pláss fyrir íbúa annarra sveitarfélaga í því úrræði þar sem búið var að full nýta aðstöðuna fyrir íbúa Reykjavíkur.

12 manns voru að nýta sér þessa þjónustu og var það mismunandi hvernig þau nýttu sér þetta. Helmingur nýtti sér þetta alla dagana. Fjöldi þjónustuþega á hverjum degi var 8-10 manns.

Dagskrá er afar fjölbreytt og reynt er að koma til móts við alla. Farið var í ýmsar vetfangsferðir og skemmtiferðir í fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu, sundlaugar bæjarins voru einnig óspart notaðar.

Húsið er mjög vel búin tækjum sem unglingar geta hugsað sér að nota og voru þessi tæki mikið nýtt. Gott samstarf var við Hitt húsið sem er með samskonar starf og voru þau alltaf fús að ausa úr viskubrunni sínum. Ráðin var inn annar fagmaður inn til þess að hægt væri gera hlutina enn þá betur en áður.

Verkherinn (16-20 ára)

Sumarið 2012 var í fyrsta sinn starfrækt atvinnutengt frístundaúrræði fyrir fötluð ungmenni á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Starfið gekk undir nafninu „Verkherinn“ en það nafn völdu ungmennin sjálf í upphafi sumars. Markmið starfsins var tvíþætt en annars vegar fengu ungmennin tækifæri til þess að spreyta sig við hin ýmsu störf með þeim

stuðningi sem hver og einn þarfnaðist og hins vegar að efla og ýta undir félagsleg tengsl þeirra á milli og út í samfélagið.

Ungmennin mættu til starfa hjá stofnunum og fyrirtækjum innan bæjarins fyrir hádegi ásamt leiðbeinanda sem var þeim innan handar og aðstoðaði eftir þörfum. Leiðbeinendur höfðu það að leiðarljósi að starfa í samvinnu með ungmennunum og ýta undir frumkvæði þeirra og sjálfstæði við vinnu svo þau nýttu til fulls þá getu og færni sem þau búa að.

Eftir hádegi var boðið upp á frístundir þar sem leitast var við að kynna ungmennin fyrir þeirri menningu sem tengist aldri þeirra. Ungmennin tóku virkan þátt í því að skipuleggja frístundastarfið en það spannaði allt frá skipulögðum vettvangsferðum að sólbaðsferðum í sundlaugar bæjarins.

Verkefnið krefst nokkurra starfsmanna og voru hér 7 starfsmenn í 100% starfi, 2 þroskaþjálfar og 5 stuðningsfulltrúar. 17 einstaklingar nýttu sér þessa þjónustu í sumar, þó í mismunandi langan tíma en að jafnaði mátti engin vera lengur en í 6 vikur. Bækistöð voru í Gamla bóksafninu sem var mjög gott, þar sem þetta er mjög miðsvæðis og mikið líf er í húsinu. Öll þau fyrirtæki sem við vorum í samskiptum við tóku mjög vel á móti okkur. Við vorum í samskiptum við 7 fyrirtæki hér í Hafnarfirði, Bónus, dreifingamiðstöð Íslandspósts, leikskólinn Hvammur, Hópbílar, Kaplakriki, Haukar og skógræktin. Gott var hvað við vorum vel mönnum af starfsfólki annars hefðum við ekki getað farið út í þetta. Við höfðum ÍTH bílinn, 7 manna bíl til umráða allt starfstímabilið og er það nauðsynlegt.

Sumarið gekk í alla staði mjög vel og allir voru ánægðir. Það sem við sáum var að hópnum þyrfti að skipta upp í tvo hópa. Grunnhóp þangað færu þeir sem eru bara búnir með fyrsta bekk í framhaldsskóla og hafa ekki fengið að kynnast því hvað það er að vinna og yrði það markviss kennt í þeim hóp, síðan væri framhaldshópur sem færi þá út á vinnustaði.



Þau ungmenni sem notuðu þjónustuna í sumar töluðu sjálf um að þau myndu vilja meiri fjölbreytni á vinnustöðum. Þeim fannst mikið um á þessum vinnustöðum væri verið að reyta arfa.

Músík og Mótor

Músík-hluti hússins hefur alltaf fullur af hljómsveitum en nú er biðlistin að tæmast e. Færri virðast hafa áhuga á að spila í bílskúrsböndum. Fyrir þrem árum hófst verkefni sem kallast Músíkheimar þar sem ungir menn fengu styrk frá EUF, Evrópu unga fólksins til að búa til upptökustúdíó. Það verkefni hefur þróast á þeim stutta tíma sem það hefur verið í gangi og hafa mörg ungmenni nýtt sér þennan möguleika.



Nóg hefur verið í gangi í Mótorhúsinu á þessu ári og þá sérstaklega á strákum 14-19 ára. Stöðugt vantar verkfæri og stöðugt er verið að vinna í að hafa aðbúnaðinn eins góðan og hægt er. Í vetur fengum við styrk frá Evrópu unga fólksins til að búa til myndbönd og tókst það afar vel. Þetta verkefni tókst afar vel og stóðu allir sig vel og þátttakendur urðu allt í einu djúpir kvikmyndagerðarmenn.

Drengir úr unglingadeild skóla og sérstaklega fjölgreinabrautarinnar hafa verið að koma þarna á skólatíma og vinna verkefni með starfsmönnum okkar. Um er að ræða drengi sem finna sig illa í hefðbundnu skólastarfi og hefur þetta gengið ágætlega.

mótorhúsið
Félagsmiðstöð fyrir mótoráhugamenn
Dalshrauni 10

Mótorhúsið er félagsmiðstöð fyrir mótoráhugamenn, með viðgerðaraðstöðu og aðstöðu frá fagfólki.

Áhugasamir hafið samband:
www.tomstund.is/mogm
Sími: 5347260
Eða kilið í heimsókn

Opnunartími:

Mánudögum	17:00 - 22:00
Miðvikudögum	17:00 - 22:00
Laugardögum frá	10:00 - 14:00
Annar hvern föstudag frá	16:30 - 22:30

HAFNARFJÖRDUR

Mótorhúsið hefur haft fastan opnunartíma sem mun halda sér en þessi tími er lágmarkstími t.d. á sumrin er notkun á húsinu ómæld og sumir þátttakendur hafa óheft aðgengi að húsinu.

Mánudagar 17:00 – 22:00
 Miðvikudagar 17:00-22:00
 Annar hver/föstudag 16:30 – 22:30
 Laugardagar 10:00 – 14:00

Forvarnir	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Hlutfall staða sem selja börnum tóbak	30%	28%	53%	33%	27%	17%	12%
Hlutfall 14 ára barna sem reykja daglega	6%	3%	4%	5%	4%	2%	1%
Hlutfall 14 ára barna sem höfðu drukkið áfengi síðustu 30 dagana, rannsókn gerð í feb./mars	10%	18%	9%	6%	6%	2%	2%
Fjöldi hljómsveita sem nota æfingaaðstöðu	14	15	4	11	12	12	11

Kynningarstarf

Alltaf heyrir hjá ungu fólki að það viti ekki um Gamla bókasafnið eða Mótorhúsið og starfsemi þessara staða. Markaðssetningar hússanna er stöðugt í umræðunni hjá starfsmönnum og unglingum. Ungu fólkið kemur með allskonar hugmyndir sem reynt er að framkvæma. Það er okkur metnaðarmál að húsið sé vel kynnt og að unga fólkið viti af möguleikum þess. Hins vegar er óljóst hvernig á að auglýsa miða við fjárhagsramma hússins.

Því er ennþá í meginatriðum treyst á gamaldags auglýsingar, heimasíður, facebookarkynningum, fjölmiðlaumfjöllun, umtal þeirra sem sækja staðina og nýjungar í starfsemi.

Húsið
Kaffi- og ungmennahús
Staðarbergi 6



Föstudagur 31. maí
 Gakktu í bæinn – Listamannavöld 19:00-22:30
 Daniel Jón spilar
 Opnun myndlistarsýningar enn ungrir listamenn hafa fyllt húsið af verkum eftir sig.
 Sluggi graffi mun vinna að stóru listaverki á vegg inni í Húsinu.
 Hljómsveitin Blær hitar upp
 Valdimar spilar
 Gestum verður boðið upp á Fræðbó og Ískap

Sunnudagur 2. júní
 Vinalegt lista- og markaðskvöld, 19:00-22:00
 Söluarkaður verður í Húsinu þar sem ungt fólk kynnir og selur afurðir sínar og spennandi hluti
 Ingó Geirald töfrar með sjálfabrigðum
 Jón Jónsson syngur og slemmtir
 Daniel Jón spilar
 Boðið verður upp á veitingar eins og grillaðar pylsur og goddrykk

Músik og mótur
Föstudag 31. maí 20:00-22:00
Gakktu í bæinn
 Ópið hús í Músik og Mótur, Dalshrauni 10. Um 10 unglingshljómsveitir æfa í húsnæðinu og spila verða tónðæmi. Afreksur myndbandaverkefnis kynntur á kl. 8. Á móturverkefnið verða dæmi um viðfangsefni sem unglingsmenn eru að glíma við. Húsið heimasíða kynna afreksur upptökuradísins. Boðið upp á grillaðar pylsur og gas. Allir velkomnir.

Fritt er inn á alla viðburði í Húsinu og Músik og mótur Ópið fyrir alla akkurshópa



Við náum ágætlega til fjöldans í gegnum starf með Flensborg og Iðnskólans með hefðbundnum auglýsingum þar.

. Í gegnum lífsleikni Iðnskólans fáum við flesta nemendur í heimsókn og í gegnum nýnemakynningar í Flensborg

Húsnæði og búnaður

Kosturinn við að vera í gömlu ófullkomnu húsi er að í Húsinu er allt leyfilegt varðandi breytingar og útlit. Hluti af hugmyndafræðinni var að leita til ungs fólks um leiðir til að hanna, skapa og endurnýta það sem færi gafst á. Þessi aðferðarfræði dugar ágætlega gagnvart litum, húsgögnum og uppröðun.

Sófar hússins eru orðnar minjar og álitamál hvað þeir duga lengi. Notkunin hér á sófunum er mikil og voru þeir notaðir þegar við fengum þá. Síðustu misseri höfum við keypt „nýja“ en notaða sófa í Sorpu. Annars eru gestir okkar almennt sátt við umhverfið.

Nágrannar hafa ekki kvartað enn yfir okkur á nýja staðnum. Hitt er að þegar unga fólkið er hér við verkefni sín á kvöldin og um nætur s.s. að læra þá hætta þau kannski kl 02:00 og þá kemur kannski bíll að sækja þau eða að einhver fer að spjalla og áttar sig ekki á því að hljóðið berst langt um kyrrlátar nætur.

Hvar kreppir skóinn?

1. Aðsókn á kvöldin hefur dregist mikið saman.
2. Fjárhagsramminn þrengist og starfsemin minnkar að vissu leiti. En við reynum á móti að auka það starf sem unga fólkið stundar á eigin forsendum án þess að við séum með starfsmenn á launum vegna þeirra.

3. Lóð hússins er í lamasessi.
4. Viðhald utanhúss í Húsinu er ábótavant.
5. Viðhald Mótorhússins er ábótavant að utanverðu
6. Í MogM vantar eldhús, félagsaðstöðu og meira rými fyrir verkstæði. Hætt er við að skammtímalausnin sem fólst í því að hýsa hnefaleikafélagið verði langtímalausn.
7. Við höfum reynt að ná til þeirra sem standa höllum fæti. Vandinn er að ná til unga fólksins sem er atvinnulaust og situr aðgerðalaust heima fyrir og hvetja það til virkni.
8. Tækja- og húsbúnaður er gamall og virkar illa.
9. Ná þarf betur til ungmenna sem leiðast á villugötur og eru að fíkta með vímuefni



músikhúsið
Æfingaraðstaða fyrir unglingahjómssveitir
Dalshrauni 10

Í Músík og mótör er hægt að
sækja um æfingaraðstöðu sem er
leigð út endurgjaldslaust til
hljómsveita og tónlistarmanna.

Áhugasamir hafið samband:
www.tomstund.is/mogm
Sími: 6645764
addig86@gmail.com

Eða kíkið í heimsókn

HAFNARFJÖRDUR

Samantekt

Unga fólkið sem stundar Húsið og Mótorhúsið er ánægt með staðina sína. Ástæðan er trúlega vegna þess að þau tengjast stefnu og stjórnun húsanna. Þannig tekst okkur að þróa starfsemina í þannig að við séum í takt við unga fólkið. Með því að vinna með ungu fólki náum við að koma jákvæðum boðskap okkar til skila. Aukin breidd og fjöldi verkefna eru atriði sem sannarlega gleður okkur og eru martæk mælitæki á árangur. Áhersla okkar á að vinna með ungu atvinnulausu fólki á tímum atvinnuleysis sýnir hvernig breytingar þjóðfélagsins geta endurspeglast í breyttum áherslum.

Við, starfsmennirnir og húsráð ungs fólks, erum ágætlega sátt við uppgjör ársins. Áhrif kreppunnar virðast ekki vera beint neikvæð á þann hóp sem sækir okkur mest heim, fjárskortur virðist ekki vera hjá ungmennum. Að hafa hrint af stað verkefni sem virðist virka vel með ungmennum með fötlun og atvinnulausu ungu fólki er afar ánægjulegt og munum við þróa það áfram.

Samstarf við M&M, Músikheima og framtíðin í Drift sem við þurfum að þróa áfram. Þegar við fáum allt húsið þar, þá verður hægt að gera ýmsa nýja og flotta hluti á forsendum ungmenntanna sem ekki hafa sést áður á sviði æskulýðs- og forvarnamála. Nýjar upplýsingar um nýtt húsnæði fyrir Brettafélag Hafnarfjarðar deyfir reyndar þessa hugmyndi.

Það er trú okkar og við styrkjumst í henni að uppbyggilegt forvarnar- og æskulýðsstarf hafi jákvæð áhrif á lífstíl ungs fólks. Illa gengur að fá tölfraðilegar rannsóknir sem sýna árangur af starfi okkar meðal unglinga 16 ára og eldri í Hafnarfirði. Kannski munum við aldrei fá slíkar niðurstöður en ljóst er að starf fyrir yngri krakka sem byggist upp á svipuðum forsendum og starf Gamla bókasafnsins skilar öllum jákvæðum niðurstöðum.



Geir Bjarnason forstöðumaður